

Skipulags- og umhverfisnefnd

Stjórnskipuleg staða

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar heyrir undir bæjarstjórn Fjallabyggðar og starfar í umboði hennar.

Valdsvið

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar hefur umsjón með þeim málaflokkum sem undir hana heyra í umboði bæjarstjórnar. Ákvarðanir hennar eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar og eftir því sem við á, samþykki Skipulagsstofnunar og staðfesting umhverfisráðherra.

Skipulags- og umhverfisnefnd er fjölskipað stjórnvald. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem henni eru falin nema á fundum skipulags- og umhverfisnefndar. Þó getur nefndin falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni, enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu.

Málaflokkar

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur umsjón með skipulagsmálum, byggingarmálum, umferðamálum, umhverfismálum, gróður- og náttúruverndarmálum, landbúnaðarmálum, málefnum varðandi að- og fráveitu, og málefnum sem varða búfjár- og gæludýrahald. Nefndin hefur einnig umsjón með hreinlætis og heilbrigðismálum að því marki sem þau eru ekki falin heilbrigðisnefndum þeim sem Fjallabyggð er aðili að.

Stofnanir sem heyra undir skipulags- og umhverfisnefnd

Áhaldahús
Veitustofnanir Fjallabyggðar

Verkefni

Skipulags- og umhverfisnefnd fer með lögbundin hlutverk skipulagsnefndar og byggingarnefndar skv. skipulags- og byggingarlögum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum. Hún er bæjarstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun, forgangsörðun og framkvæmd verkefna í málaflokkum á verksviði hennar og gerir tillögur að reglum og gjaldskrár sveitarfélagsins á þeim sviðum. Hún fjallar um umsóknir og erindi sem tengjast þeim málaflokkum sem henni er falin umsjón með og gerir tillögur um afgreiðslu til bæjarstjórnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd vinnur eða lætur vinna tillögur að stefnumörkun í skipulagsmálum, hefur forgöngu um gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim og fjallar um skipulagstillögur. Hún annast kynningu og auglýsingu aðal- og deiliskipulagstillagna og annast grenndarkynningar vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi og vegna byggingarleyfisumsókna í þegar byggðum hverfum þar sem ekki liggur fyrir deiliskipu-

lag. Nefndin annast skráningu fornminja í tengslum við gerð eða endurskoðun skipulags og leitar umsagnar Fornleifaverndar ríkisins vegna minja sem gætu raskast vegna þess. Nefndin gerir auk þess tillögur að friðun svæða, hverfa eða mannvirkja.

Skipulags- og umhverfisnefnd fjallar um athugasemdir við auglýstar skipulagstillögur og gerir tillögu til sveitarstjórnar um endanlega afgreiðslu skipulagstillagna. Nefndin veitir umsagnir um hvort leyfisskyldar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun og hefur eftirlit með því að framkvæmdaleyfisskildar framkvæmdir séu í samræmi við staðfest aðalskipulag, gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulagsmál.

Skipulags- og umhverfisnefnd skal stuðla að náttúruvernd í Fjallabyggð og hafa forgöngu um það að vekja almennan skilning á gildi náttúruverndar og óspillts umhverfis. Nefndin hefur umsjón með friðlýstum svæðum og fylgist með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóta í bág við ákvæði og fyrirmæli laga, sbr. reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir einnig tillögur að markmiðum og stefnumótun fyrir starfsemi sveitarfélagsins og stofnanir á verksviði hennar og gerir fjárhagsáætlun fyrir starfseminni í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa. Hún hefur einnig eftirlit með að samþykktum og áherslum bæjarstjórnar á þessum sviðum sé framfylgt.

Lagaákvæði og heimildir


Í 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 eru ákvæði um að sveitarstjórn skuli kjósa skipulags- og byggingarnefndir og heimild til að ein nefnd sinni báðum hlutverkum. Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er kveðið á um hlutverk þeirra og skyldur. Í 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli skipa náttúruverndarnefnd. Nánar er kveðið á um hlutverk hennar í reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973. Í 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er heimild til bæjarstjórnar til að sameina nefndir þrátt fyrir að kveðið sé á um í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni.

Samþykkt bæjarstjórnar Fjallabyggðar

Um störf skipulags- og umhverfisnefndar gilda ákvæði 46.-57. greinar samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar um störf nefnda á vegum Fjallabyggðar.

Kosning skipulags- og umhverfisnefndar

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa til setu í Skipulags- og umhverfisnefnd til fjögurra ára og fimm til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjallabyggðar. Bæjarstjórn skal enn fremur kjósa formann nefndarinnar úr röðum nefndarmanna. Kosningarnar skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998 og vera leynilegar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Nefndin skal kjósa varaformann á fyrsta fundi sínum eftir skipun hennar.



Allir kjörgengir menn í sveitarfélaginu sem ekki starfa hjá stofnunum sem heyra undir nefndina eru kjörgengir í Skipulags- og umhverfisnefnd.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í skipulags- og umhverfisnefnd ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef fulltrúi, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndarinnar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefndina verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Boðun funda skipulags- og umhverfisnefndar og dagskrá

Formaður skipulags- og umhverfisnefndar, eða varaformaður í forföllum hans, skal boða fundi nefndarinnar í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa.

Fundir skulu boðaðir skriflega með bréfi eða tölvupósti með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram staðsetning og tímasetning fundar, auk dagskrár fundarins í tölusettum liðum. Fundarboði skulu fylgja öll þau gögn sem fulltrúum eru nauðsynleg til að taka upplýsta ákvörðun í málum fundarins.

Starfshættir skipulags- og umhverfisnefndar

Skipulags- og umhverfisnefnd starfar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnsýslulaga nr. 37 30/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjallabyggðar eftir því sem við á hverju sinni.

Fundir skipulags- og umhverfisnefndar skulu að jafnaði haldnir á hálfmánaðar fresti fyrir luktum dyrum. Fundir skulu að haldnir á fastákveðnum fundartíma sem ákveðinn skal á fyrsta fundi nefndarinnar í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa. Heimilt er að halda fundi skipulags- og umhverfisnefndar í fjarfundi. Formaður nefndarinnar stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu á fundum.

Auk kjörinna fulltrúa í skipulags- og umhverfisnefnd eiga skipulags- og byggingarfulltrúi og bæjarstjóri seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndin getur kvatt aðra starfsmenn sveitarfélagsins á sinn fund og boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar í tengslum við umræður um tiltekin mál ef hún telur þess þörf.

Fundir skulu haldnir samkvæmt boðaðri dagskrá. Öll frávik frá henni skulu borin undir atkvæði. Engin mál skulu tekin til meðferðar nefndarinnar án undirbúnings.

Skipulags- og umhverfisnefnd skal skrá fundargerðir og halda gerðabók. Fundargerð skal skráð með rafrænum hætti skv. ákvörðun bæjarstjórnar sbr. 18. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp fyrir Fjallabyggð. Í fundargerð skal ritari nefndarinnar skrá þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila mála, meginefni og afgreiðslu. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði skiptust. Í fundargerð skal

einnig skráð hverjir taka til máls í umræðum, um hvaða málsliði dagskrár er fjallað og stutta athugasemd um afstöðu fulltrúa til viðkomandi máls óski þeir þess. Fulltrúar skulu að jafnaði afhenda ritara slíkar bókanir skriflega og á rafrænu formi ef þess er kostur. Í fundargerð skal einnig skrá ef einstakir fulltrúar víkja af fundi við afgreiðslu máls vegna vanhæfis. Þá skal einnig skrá í fundargerð komi fulltrúi til fundar eftir að hann er hafinn og undir hvaða lið, sama gildir ef fulltrúi þarf að víkja af fundi áður en honum lýkur. Ef fram kemur tillaga um að mál verði tekið á dagskrá skal bóka sérstaklega um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Trúnaðarmál, sbr. 5. og 6. grein upplýsingalaga nr. 50/1996 skal skrá í trúnaðarbók. Í slíkum tilfellum skal skrá vísun til trúnaðarbókar í fundargerð. Færslur í trúnaðarbók skulu undirritaðar á sama hátt og fundargerð.

Í gerðabók skipulags- og umhverfisnefndar skal ritari skrá númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fulltrúar og starfsmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Formaður og fundarritari skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölu settar skulu í áframhaldandi töluröð. Staðfesting fundarmanna sem sitja fund í gegn um síma- eða fjarfundabúnað skal gerð strax að loknum fundi. Skal þá senda fundargerð í tölvupósti til viðkomandi sem endursendir hana með staðfestu samþykki sínu. Fjarstaddir staðfesta síðan fundargerðina með undirritun sinni svo fljótt sem verða má. Formaður skipulags- og umhverfisnefndar skal fá skrifstofu- og fjármálastjóra fundargerðir til varðveislu í skjalasafni sveitarfélagsins, sbr. lög um þjóðskjalasafn Íslands nr.66/ 1985 og birtingar á vefsvæði sveitarfélagsins.

Fundargerðir skipulags- og umhverfisnefndar skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir að bæjarráð taki mál til fullnaðarafgreiðslu ef það er þess eðlis að það getur ekki beðið afgreiðslu næsta fundar bæjarstjórnar. Ef fundargerðir nefndarinnar innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast afgreiðslu bæjarstjórnar eru fundargerðir lagðar fram á fundi bæjarstjórnar til kynningar.

Starfsmaður skipulags- og umhverfisnefndar

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Eftirfylgni

Skipulags- og byggingarfulltrúi fylgir eftir staðfestum samþykktum og ákvörðunum skipulags- og umhverfisnefndar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 13. október 2009.